

KJARASAMNINGUR
milli
Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja
og
Samtaka atvinnulífsins

1. gr.

Samningstími

Síðast gildandi kjarasamningur aðila framlengist til 31.12. 2010 með þeim breytingum sem í þessum samningi felast og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

2. gr.

Launahækkun 1. nóvember 2008

Hinn 1. nóvember 2008 hækka allir launaflokkar og aldursþrep í launatöflu 147A um 20.500 kr. Launatafla 147B tekur samsvarandi, afleiddum breytingum. Mánaðarlaun undir 450.000 kr. (á 12 mánaða grunni), hvort sem um er að ræða eina mánaðarlaunatölu eða mánaðarlaun samsett af launataxta kjarasamnings og ráðningarsamningsbundum viðbótargreiðslum, hverju nafni sem þær nefnast, skulu hækka um kr. 20.500. Viðbótargreiðslurnar, ef um þær er að ræða, skulu lækka þannig að hækkun mánaðarlaunanna, verði 20.500 kr. Mánaðarlaun yfir kr. 450.000 (á 12 mánaða grunni) taka ekki breytingum samkvæmt þessu ákvæði.

Launahækkun 1. janúar 2010

Hinn 1. janúar 2010 skulu allir launaflokkar og aldursþrep í launatöflu 149A hækka um 14.000 kr. Launatafla 149 B tekur samsvarandi, afleiddum breytingum. Laun skulu þó hækka að lágmarki um 2,5%.

3. gr.

Orlofsframlag

Orlofsframlag hækki um 3,25% við gildistöku og um 2,5% 1.7. 2009.

4. gr.

Orlof, gr. 4.1.2

Þeir sem starfað hafa í 5 ár fá leyfi í 27 daga og þeir sem hafa starfað í 10 ár fá 30 daga. Starfsmaður sem öðlast hefur lengri orlofsrétt hjá öðrum vinnuveitanda en fjármálafyrirtæki fær hann að nýju eftir þriggja ára starf.

5. gr.

Lífeyrissjóðir

Eftirfarandi breytingar gildi frá 1. janúar 2009.

Gr. 12.6.1 orðist svo:

Iðgjöld til samtryggingarlífeyrissjóða eru þannig að 4% eru dregin af launum starfsmanns og vinnuveitandi greiðir sem svarar 6% mótframlag. Hjá þeim starfsmönnum sem á aðild að eldri lífeyriskerfum verður áfram miðað við þann grunn sem kveðið er um hjá hverjum aðila fyrir sig.

Gr. 12.6.2. orðist svo:

Vinnuveitandi greiðir sem svarar 2% af heildarlaunum starfsmanns í séreignarsjóð fyrstu þrjú starfsárin en 7% eftir það, í samræmi við það samkomulag sem gildir hjá hverjum aðila fyrir sig. Réttur til þessarar greiðslu lýtur sömu reglu og önnur starfsaldurstengd réttindi vegna starfa í öðru fjármálafyrirtæki.

Gr. 6.2.2. breytist til samræmis við breytingur á grein 12.6.2.

Handwritten signatures and initials in the bottom right corner, including "AKK", "HES", and "FR".

6. gr.

Menntunarsjóður

Fjármálafyrirtæki greiði 0,20% í Menntunarsjóð SSF af sama stofni og í Styrktarsjóð SSF.

7. gr.

Veikindi barna

Gr. 6.1.10 orðist svo:

Á fyrsta starfsári hjá sama vinnuveitanda skal foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð, þó að hámarki 12 daga á hverjum 12 mánuðum, til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið, og halda þá dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við.

8. gr.

Endurhæfingarsjóður

Ný gr. 12.8 orðist svo:

Frá 1. janúar 2009 greiða atvinnurekendur 0,13% í Endurhæfingarsjóð, sbr. samkomulag ASÍ og SA þar um.

9. gr.

Ný gr., 12.10 orðist svo:

Áunnin réttindi vegna starfa erlendis

Starfsmenn sem starfað hafa erlendis flytja með sér áunninn starfstíma innan sömu samstæðu gagnvart réttindum kjarasamninga sem tengd eru starfstíma í starfsgrein, enda verði starfið erlendis talið sambærilegt.

10. gr.

Endurskoðun vegna verðlagsþróunar

Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning. Komi til þess að kjarasamningum á almennum vinnumarkaði verði almennt sagt upp frá og með 1. mars 2009 skal heimilt að segja samningi þessum upp frá sama degi. (Ákvæði þetta kemur í stað bókunar um sama efni í gildandi samningi).

Reykjavík 5. desember 2008

F.h. Samninganefndar SSF

Fritbert Trautson
Anna K. Hauksdóttir
Andrés Líffson

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannas G. Sigurðsson
Þóroddur
Eiríkur Þ. Þorgeirsson
Stefnir
Helga Skúladóttir

Bókun um uppfærslu kjarsamningsins

Aðilar eru sammála um að standa sameiginlega að uppfærslu kjarasamningsins og verði þá úrelt ákvæði felld brott eða aðöguð að aðstæðum eftir atvikum, m.a. eftirtalin atriði:

1. Lagfæra orðalag á bls. 9, á eftir "Í launatöflu B hefur 13. mán. og ..." kemur setningin: "Hjá því fólki sem á aðild að eldri lífeyriskerfum ...".
2. Einfalda grein 1.1.4.
3. Lagfæra grein 1.1.6 þar sem ákvæði um hlutfallslegar starfsaldurshækkanir á ekki lengur við eftir að launataflan tók krónutöluhækkunum.
4. Grein 1.3 um verðlagsbætur falli brott.
5. Ákvæði um launanefnd samningsaðila í gr. 1.6 falli brott.
6. Breyta banka í fjármálafyrirtæki þar sem við á.
7. Seinni málsgreinar greina 4.1.2 og 4.2.1 falli brott.
8. Gr. 5.2 fari skv. ferðakostnaðarnefnd ríkisins.
9. Lagfæra gr. 6.1.8 þar sem „bankastjórn“ er nefnd.
10. Endurskoða kafla 7 um Tryggingar og andlát.
11. Gr. 10.1.2 og 10.1.3 falli brott.
12. Gr. 10.3 falli brott.
13. Athuga gr. 10.4.2. um mánaðarlegar upplýsingar um starfsmenn á atvinnuleysisskrá.
14. Lagfæra gr. 11.2.6.
15. Gr. 12.1.2 og 12.1.3 falli brott.
16. Gr. 12.7.4 falli brott
17. Bókun I og II falli brott.
18. SÍB breytist í SSF

Reykjavík 5. desember 2008

F.h. Samninganefndar SSF

Fritbert Trautson
Anne Karen Hauksdóttir
Andrés Elgsson

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannes G. Sigurðsson
Meið
S. G. Þyrum
Þyrum
Þyrum
Þyrum